



BRE "Innovation Park" - Watford, England

Farsælt starf Vistbyggðarráðs á fyrsta starfsári.

Vistbyggðarráð Íslands fagnar eins árs afmæli sínu nú í febrúar. Kristveig Sigurðardóttir, skipulagsverkfræðingur hjá Almennu verkfræðistofunni, er formaður ráðsins. Kristveig segir fyrsta starfsárið hafa farið vel af stað og margt hafi áunnist.

Tilgangur Vistbyggðarráðs Íslands er að vera leiðandi vettvangur á sviði sjálfbærrar þróunar við skipulag, hönnun, byggingu og rekstur og viðhald mannvirkja á Íslandi.

Markmiðið er að hvetja til stöðugra umbóta í anda sjálfbærrar þróunar í mannvirkjagerð og skipulagi og stuðla þannig að því að þjóðin geti til framtíðar búið við heilbrigð og góð lífsskilyrði í vistvænni byggð.

Innri starfsemi Vistbyggðarráðs fer að mestu fram í afmörkuðum vinnuhópum en út á við er hlutverk ráðsins meðal annars falið í því að standa fyrir opnum fundum, námskeiðum, ráðstefnum og málþingum um hvaðeina sem tengist vistvænni byggð, skipulagi og þróun. Tilgangurinn er að hvetja til almennrar umræðu um vistbyggðarmál á breiðum grundvelli.

Norrænu vistbyggðarráðin hafa á undanförunum mánuðum átt gott samstarf og stóðu þannig fyrir sameiginlegri ráðstefnu 10. og 11. febrúar sl. Kristveig sótti ráðstefnuna sem haldin var í Stokkhólmi en Stokkhólmur var valin "Green Capital of Europe" árið 2010.

Ráðstefnan er afrakstur samnorræns verkefnis sem miðar að því að koma á fót samvinnu Vistbyggðarráða á Norður-

löndunum. Verkefnið var styrkt af Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni. Tilgangurinn með ráðstefnunni var fyrst og fremst sá að ræða vistvæna stefnumótun og sjálfbæra hönnun. Flutt voru erindi sem komu inn á útbreiðslu þekkingar á þessu sviði og farið var yfir reynslu af notkun umhverfsvottunar-kerfa og almenn viðmið fyrir vistvænar byggingar á Norðurlöndunum.

Almenna verkfræðistofan er einn af stofnaðilum að Vistbyggðarráði og hefur undanfarin ár unnið markvisst að því að flétta málefni umhverfisverndar inn í ráðgjöfina á öllum stigum verkefna; við hönnun, framkvæmd og rekstur.



Náttúrufræðistofnun Íslands

Meðal verkefna sem AV hefur unnið að er hús Náttúrufræðistofnunar Íslands en það er eitt af fyrstu mannvirkjum hér á landi sem mun hljóta alþjóðlegu BREEAM umhverfsvottunina. Markmiðið með notkun BREEAM er að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif byggingarinnar og stuðla að sjálfbærni.



Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

Tvö önnur mannvirki sem AV veitir ráðgjöf fyrir eru nú í umhverfsvottunarferli. Þetta eru Hús íslenskra fræða (Árnastofnun) og Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ.



Hönnun gatna og veitna í Aukra kommune

Nýlega var undirritaður samningur milli Almennu verkfræðistofunnar og bæjaryfirvalda í Aukra, Noregi, um hönnun gatna og veitna í fyrirhuguðu íbúðarhverfi nálægt miðbænum. Bærinn er staðsettur á lítilli eyju við vesturströnd Noregs, nokkurn veginn mitt á milli borganna Ålesund og Kristiansund. Íbúar eru um 4 þúsund talsins og er gert ráð fyrir mikilli uppbyggingu í bænum á næstu árum.



Um var að ræða opið útboð og var tilboð AV metið hagstæðast. Undirráðgjafar verða fjórir, þar af þrjár norskar verkfræðistofur, auk Verkfræðistofu Jóhanns Indriássonar, sem mun sjá um hönnun götulyningar, rafmagns- og boðveitna. Þóririnn Hjaltason, sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagssviðs AV er verkefnisstjóri.



Bjarni Jónsson

Nýr sviðsstjóri Verkefnastjórnunar sviðs

Bjarni Jónsson byggingartækni-fræðingur hefur tekið við starfi Einars Helgasonar sem sviðsstjóri Verkefnastjórnunar sviðs.

Bjarni hefur starfað hjá Almennu verkfræðistofunni í rúm 10 ár við hönnun, umsjón og framkvæmdaefirlit ásamt því að vera verkefnisstjóri í fjölda mörgum verkefnum.

Bjarni gegnir jafnframt stöðu sviðsstjóra á skrifstofu AV á Akranesi. Við bjóðum Bjarna velkominn til nýrra starfa.



Styrkur til Mæðrastyksnefndar

Almenna verkfræðistofan afhenti Mæðrastyksnefnd fjárframlag um síðustu jóla. Almenna hefur á undanförunum árum lagt þörfum og góðum málefnum lið með fjárframlögum um jólaleytið.



VFSAV með flugu hnýtingarnámskeið

Veidifélag starfsmanna Almennu verkfræðistofunnar

Þann 19. janúar sl. var haldin kynning og kennsla á vegum VFSAV í flugu hnýtingum. Hilmar Hansson frá www.veidiflugur.is var fenginn til þess að leiðbeina veiðimönnum um réttu handtökin. Tólf félagsmenn voru mættir og heppnaðist kvöldið einstaklega vel og rómur manna, og Ellu, að þarna væri á ferðinni skemmtileg tómsundaíðja.



Hnýttar voru þrjár flugur; Peacock, Bjarni-Black og BleikogBlá. Þess má geta að Hilmar talaði um hversu efnilegur og skemmtilegur þessi hópur væri (enda á hann búðina sem selur efnið ;o)).

Klárlega er þarna á ferðinni fastur liður í vetrarstarfi VFSAV og verður fróðlegt að sjá hver verður fyrstur til að veiða á sína eigin flugu næsta vor, en líklegt þykir að félagsmenn muni fjölmenna í Þingvallavatnið og Úlfjótuvatnið þegar vorar við getum bara ekki beðið ! Síðan má Laxinn fara að vara sig.



Sigurður Gústafsson og frú


Leynivinavika, jólaglökk og jólaball

Hin árlega **leynivinavika** var haldin í byrjun desember. Eins og áður tókst vel til og lögðu starfsmenn allan sinn metnað í að gera vikuna eftirminnilega með allskonar gjöfum og skreytingum til hvors annars en þó á mjög leynilegan hátt.

Uppgjör leynivinavikunnar fór svo hátíðlega fram á jólaglökkina 10. desember sl. Þar sem hver og einn starfsmaður sagði frá góðverkum sem gerð höfðu verið fyrir hann/hana og í framhaldinu kom í ljós hver leynivinurinn var, sem oftast en ekki kom starfsmönnum skemmtilega á óvart.

Jólaglökk fór að öðru leyti mjög vel fram en leynigestur kvöldsins var enginn annar en Bergþór Pálsson. Bergþór flutti stutt erindi um mannsiði og kurteisi sem starfsmenn kunnu að meta.

Jólaball starfsmanna og barna þeirra var svo haldið á milli jóla- og nýárs og mættu þar okkar helstu jólasveinar með glaðning handa börnunum.



Aðalfundur og keilumót STAV

Mánudaginn 17. janúar var haldinn aðalfundur starfsmannafélagsins þar sem farið var yfir síðasta starfsár, uppgjör kynnt og gamla stjórnin endurkjörin.

Að fundi loknum var haldið upp í Öskjuhlíð, nánar tiltekið í Keiluhöllina, þar sem hin árlega keilukeppni STAV fór fram. Keppnin var æsispennandi og fóru leikar þannig að Byggingar- og iðnaðarsvið endaði á toppnum í sviðakeppninni.

NÝIR STARFSMENN



Birna Óskarsdóttir

er menntaður viðskiptafræðingur og tók hún við starfi fjármálastjóra í febrúar.

Birna er jafnframt sviðsstjóri fjármála- og rekstrarsviðs.